

Nefndasvið Alþingis  
 Iðnaðarnefnd  
 Alþingi v/Austurvöll  
 150 REYKJAVÍK

Garðabær, 07. apríl 2011  
 2011030025/42-1-1  
 TB  
 jgo/tb

**Tillaga til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011-2020, 467. mál.**


Vísað er til tölvupósts/bréfs frá iðnaðarnefnd Alþingis, dags. 24. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um ferðamálaáætlun 2011-2020, 467. mál. Framangreind þingsályktunartillaga miðar fyrst og fremst að því að efla allar hliðar ferðaþjónustu á Íslandi, nýta landið allt betur til ferðamennsku og að ferðamennska á Íslandi sé í sátt við náttúru landsins.

Náttúrufræðistofnun sér sérstaka ástæðu til að benda á að hvergi kemur fram í tillögunni með beinum hætti hvernig eigi að tryggja að ferðamennska hafi ekki neikvæð áhrif á náttúru landsins. Vissulega kemur fram í I. lið tillögunnar, Innviðir og grunngerð, að *Uppbygging innviða ferðaþjónustunnar miði að því að vernda náttúru Íslands og ferðamálaáætlun stefni að því að innleiða hugarfar sjálfbærni og ábyrgðar á náttúru og menningu landsins* og einnig kemur fram í athugasemdum við tillöguna að vernda beri náttúru landsins. Lítið er hins vegar um beinar tillögur um að ákvarðanir innan ferðaþjónustunnar verði að byggja á góðum upplýsingum um náttúru landsins. Til dæmis er óljóst í lið II, Kannanir, rannsóknir og spár, hvort þar sé líka átt við náttúrufræðisrannsóknir sem miða að því að tryggja að ferðaþjónustan taki ákvarðanir sem stuðli að því að vernda náttúru landsins. Ekki er heldur fjallað sérstaklega um friðlýst svæði þ.m.t. þjóðgarða eða svæði á náttúruverndaráætlun og nauðsyn þess að nálgast nýtingu slíkra svæða með sérstakri aðgát.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
 forstjóri



Trausti Baldursson

